

# EBAK - Félag eldri borgara á Akureyri

## 6. stjórnarfundur EBAK 1. nóvember 2017

### Mættir:

Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Jón Aðalsteinn Baldvinsson, og varamennirnir Kolbrún Kristjánsdóttir, Garðar Lárusson og Egill Jónsson.

**Fjarverandi:** Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir.

- 1. Formaður** setti fund.
- 2. Fundargerðir** stjórnar EBAK frá 4. og 5. stjórnarfundum yfirfarnar og samþykktar.
- 3. Dagbókarfærslur** stjórnarmanna í viðveru á skrifstofu skoðaðar og ræddar. Félagar sem eru við spilamennsku í salnum hafa komið og spjallað við stjórnarmenn en þeir hafa ekki komið með sérstök erindi.
- 4. Upplýsingar** um málefni félagsins milli stjórnarfunda.

Starfsemin í sumar var rædd. Fram kom að flestir komu í spjallkaffið í Víðilundi í júlí 537 og 525 í ágúst. Bugðusíðunefndin hefur ekki náð að skila formlegri skýrslu en yfir 1000 manns komu í félagsmiðstöðina í Bugðusíðu samanlagt þessa þrjá vikulegu daga í júní, ágúst og hálfan september sem nefndin stóð fyrir starfsemi.

Halldór Gunnarsson sat fund bæjarráðs 12. okt. sl. en hann er einn af fulltrúum EBAK í Öldungaráði. Á fundinum kynnti KPMG ítarlega skýrslu, sem félagið hafði unnið fyrir Akureyrarbæ, um rekstur öldrunarheimilanna á Akureyri. Fróðlegar og gagnlegar umræður urðu um skýrsluna og rekstur öldrunarheimila almennt.
- 5. Samningaviðræður** Akureyrarbæjar og EBAK um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu ofl.

Haukur formaður gerði grein fyrir fundi sem FKR átti 31. okt með fulltrúum Akureyrarbæjar. Þeir voru Kristinn Jakob Reimarsson sviðsstjóri samfélagssviðs, Alfa Aradóttir deildarstjóri forvarna- og æskulýðsmála, Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður tólmundamála, Halldór Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrarbæjar og Friðný Sigurðardóttir forstöðumaður stoðþjónustu aldraðra. Halldór skýrði frá möguleikum um að hagnýta tækni meira í heimaþjónustu s.s. með að fylgja eftir æfingaprógrammi gegnum skype og samtölum í mynd. Friðný skýrði frá ráðgjöf til aldraðra sem komin er af stað á vegum bæjarins í Víðilundi og Bugðusíðu. Kristinn greindi frá því að styrkur til EBAK kr. 450.000 hefði verið afgreiddur inn á reikning félagsins og Dóra Steinunn gjaldkeri staðfesti að hann væri kominn. Kristinn sagði að í fjárhagsáætlun fyrir næsta ár væri gert ráð fyrir að auka þjónustuna í Víðilundi og þar yrði sumarlokunin ekki meira en í einn mánuð. Einnig voru rædd starfsmannamál í Bugðusíðu og nauðsyn þess að þar yrði starfsmaður á launum frá bænum eða EBAK. Einnig komu fram upplýsingar um að á Norðurlöndunum hefðu framhaldsskólanemendur verið fengnir til að borða með öldruðum einstaklingum til að minnka einsemd þeirra öldruðu og bæta næringarnám þeirra. Að þessum upplýsingum fengnum urðu umræður um kosti og galla þess að EBAK ráði starfsmann í félagsmiðstöðina í Bugðusíðu 1.

6. **Halldór Gunnarsson** gerði grein fyrir vinnu sinni við skýrslu um starfsemi á vegum EBAK á síðasta starfsári vegna styrks frá Akureyrarbæ. Styrkurinn hefur verið afgreiddur.
7. **Umræða** um að stytta viðveru stjórnarmanna á skrifstofu EBAK á miðvikudögum. Ákveðið að stytta viðveruna í einn klukkutíma eftir þessa viku.
8. **Starfslýsing** umsjónarmanna netmiðla (breytingar frá fyrri starfslýsingu). Hallgrímur Gíslason gerði grein fyrir breytingunum. Ný starfslýsing samþykkt.
9. **Kynning** á EBAK 23. nóv. nk. á starfslokanámskeiði Akureyrarbæjar (sjá tölvupóst). Ákveðið að tveir úr FKR fari. Haukur og Halldór taka það að sér.
10. **Leiga** á salnum í Bugðusíðu 1 – reglur og verðskrá. Fyrirspurnir vegna skírnarveislu og fl. Búið að bóka tvö skipti. EBAK verður með umsjón salarins og búa þarf til reglur og verðskrá. FKR falið að gera það.
11. **Tilnefning** eins fulltrúa úr stjórn til að vinna með fræðslunefnd félagsins að ráðstefnu 15. mars 2018 í samstarfi við HA. Garðar Lárusson samþykkti að vera þessi fulltrúi stjórnar EBAK.
12. **Haustfundur** með nefndum og fleiri aðilum ákveðinn miðvikudaginn 22. nóv. kl.10.00 – 12. Markmiðið er að fá fréttir af starfi nefndanna, fyrirhugaða starfsemi á vorönn, hvaða starfsemi nefndarmenn vilja að félagið leggi áherslu á og nýjungar sem þeir vilja koma af stað. FKR undirbýr fundinn 13.nóv.
13. **Breytingar** á stundaskránni í Bugðusíðu 1. Ný áætlun um áramót. Samþykkt að sett verði inn á heimasíðuna löguð útgáfa af haustannardagskránni.
14. **Námskeið/æfingátímar** í bridds, boccia, billjard og krullu. Hallgrímur stingur upp á fundi á mánudegi til að kanna áhuga. Athuga þarf með Bergljótu um svigrúm í dagskrá næstu annar.
15. **Búfesti**. Endurskoðun á aðalskipulagi Akureyrarbæjar er í vinnslu.
16. **Leiðsögn** vegna tölvu- og hljóðkerfis í Bugðusíðu og umgengni um tækjaskápinn í salnum. Ekki hefur enn tekist að fá þessa leiðsögn.
17. **Skráning** stjórnarmanna í viðveru á skrifstofu (sjá exelskjál).  
1.nóv. Hallgrímur; 8. nóv. Dóra; 15. nóv. Halldór; 22. nóv. Egill; 29. nóv. Kolbrún.  
Ákveðið hefur verið eftir 1. nóv. að stytta tímann í 1 klukkustund. Halldór tók að sér að hafa samband við Ásprent vegna breytinga á auglýsingu um opnunartíma skrifstofu.
18. **Sjöundi** stjórnarfundur 5. des. nk. kl. 10:10 – 12:30.
19. **Önnur mál**. a) skipulag skrifstofu m.a. tiltekt., b) fundargerð aðalfundar EBAK 2017, c) auglýsingakostnaður EBAK 2017 (gjaldkeri) Dóra dreifði upplýsingum. d) prentun á lögum félagsins, e) rekstrarstaða félagsins 1. des. 2017, f) möppur með ýmsum gögnum fyrir stjórnarmenn og formenn nefnda, g) rafræn skjalavarsla á skrifstofu. h) Ráðstefna í HA á morgun: „Minn tími mun koma.“